

# Aðalatriðið var tónlistin sjálf

Öld er frá fæðingu Björns Ólafssonar, fiðluleikara og konsertmeistara. Hlíf Sigurjónsdóttir, sem var einn nemenda hans og varð fyrir miklum áhrifum frá honum, minnst Björns á tónleikum á sunnudagskvöld og vinnur að útvarpsþáttum um hann.

Einar Falur Ingólfsson efi@mbl.is



Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og Hreinn Valdimarsson tæknimaður með eina af lakkplötunum með leik Björns Ólafssonar og félagam sem varðveittar eru hjá Ríkisútvarpinu.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

**B**jörn leit svo á að það væri hlutverk hans að miðla tónlistinni og gefa þjóðinni, og um leið að bæta mannlífið hér,“ segir Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari um Björn Ólafsson, fiðluleikara og konsertmeistara. Björn var kennari Hlíf og hafði mikil áhrif á stefnu hennar í lífinu en nú á sunnudag, 26. febrúar, er öld liðin frá fæðingu þessa ástsæla listamanns.

Í vetur flytur Hlíf allar sónóttur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir J.S. Bach á þrennum tónleikum í Háteigskirkju og í Vorfrúarkirkju í Svendborg á Fjóni, og á öðrum tónleikum í Reykjavík, nú á sunnudagskvöld kl. 20, minnst hún aldarafræmli kennara síns. Undanfarið hefur Hlíf einnig undirbúið þætti fyrir Rás 1 Ríkisútvarpsins, um Björn og meðleikara hans, og þeir fyrstu verða sendir út um páskana.

„Ég hefði eflaust ekki helgað líf mitt tónlistinni, hefði Björn Ólafsson ekki verið kennari minn og fyrirmynd,“ segir Hlíf. „Ég var tólf ára gömul þegar ég fór fyrst í tíma til hans og hann var kennari minn í níu ár. Ég var í síðasta hópnunum sem hann útskrifaði 1974. Hann veiktist stuttu seinna.“

Björn var merkur frumkvöðull í tónlistarlífi þjóðarinnar um og eftir miðja síðustu öld og má segja að hann hafi ásamt félögum sínum leitt ákveðna tónlistarbyltingu hér, fyrir tilstuðlan Ríkisútvarpsins. En hvernig maður var hann?

„Hann var ljúflingur,“ segir Hlíf. „Ég heyrði hann aldrei skipta skapi, hann var maður lausna, án þess að gefa eftir það sem honum fannst vera aðalatriðið en það var alltaf málstaðurinn – tónlistin sjálf. Maður fékk aldrei að spila ekki vel!“ segir hún og hlær. „Hann smitaði svo frá sér. Við nemendurnir spiludum öll miklu betur en við í raun höfðum tækni til. Hann kveikti andann.“

Hlíf segir að nú undanfarið, meðan hún hefur unnið að gerð útvarpsþátta um Björn, hafi hún velt því fyrir sér hvað hann hafi gefið henni og hvernig. „Ég held að af öllum þeim góðu fiðluleikurum sem ég hitti og var í tímum hjá, þá hafi hann verið rausnarlegastur á jákvæðan hátt, hann hvatti alltaf og studdi, reif aldrei niður. Og hann var minnsta „egóið“. Og ég held líka að þess vegna, í og með, hafi hann misst orkuna allt of fljótt en starfsævi hans varð ekki nema 36 ár.

Þegar ég horfi yfir þessa sögu þá er ég viss um að hefði útvarpið ekki komið til og skapað Birni öll þessi tækifæri til að spila og hljóðrita, þá hefði hann aftur flutt úr landi.“

Undanfarna mánuði hefur Hlíf sókk sér niður í sögu Björns og upptökur með leik hans sem til eru hjá Ríkisútvarpinu, margar á viðkvæmum og illa skráðum lakkplötum sem hún hlýðir á með Hreini Valdimarssyni tæknimanni í sérstökum tækjum.

## Gimsteinar hjá Útvarpinu

„Það er gríðarlega mikið til hjá útvarpinu með leik Björns. Sumt af því er skemmt. En gimsteinar klassískrar hljóðfærameningar þjóðarinnar eru geymdir í safni útvarpsins og þjóðin þarf að spýta í lófana og gera þessum fjársjóðum sómasamlega skil með því að koma upptökunum í varanlegt og aðgengilegt horf,“ segir Hlíf.

„Margar upptakanna eru ekki einu sinni dagsettar og það þarf að gíska á efni og dagsetningar út frá „log-bókum“, til að öðlast yfirsýn yfir það hvenær þær voru hljóðritaðar.“

Björn lék iðulega fyrir landsmenn

með Árna Kristjánssyni píanóleikara. Er mikið til af samleik þeirra?

„Nei, það er ekki mikið til með þeim tveimur, sem mér þykir miður því ég veit hvað þeir spiluðu mikið saman. Þeir komu fram á háskóla-tónleikaröðum og ferðuðust um allt land og þar sem þeir komu kviknuðu eldar af áhuga og stofnaðir voru tónlistarskólar og tónlistarfélag. En upp úr stendur að bak við þá stöð þessi merka stofnun, Ríkisútvarpið.“

Hlíf rifjar upp að þegar Björn hafði lokið námi sínu í Vínarborg vorið 1939, þá hafði hann þegið boð um stöðu í fyrstu fiðlu í Vínarfilharmóníunni. Hann hélt heim í stutt sumarleyfi en komst ekki aftur út því heimsstyrjöldin síðari braust út. „Hann fór þá strax að kenna hér og varð mjög virkur í tónlistarlífinu. Árið 1930 var útvarpið stofnað, einnig Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tónlistarfélagið ári síðar; þetta voru bakhjarlar þess að hér þroskaðist klassísk tónlistarmening.“

## Sparaði sig aldrei

Hlíf segir að Ríkisútvarpið hafi séð um uppeldishlutverkið, að mennta þjóðina svo hún lærði að meta þessa

tegund tónlistar. Þar hafi Páll Ís-  
ólffsson verið í forsvari sem og Jónas  
Þorbergsson útvarpsstjóri en hann  
var tengdafaðir Björns Ólafssonar.  
Útvarpið var til að mynda með  
hljóðfæraleikara á launum, þá Emil  
Thoroddsen og Þórarín Guðmunds-  
son og léku þeir mest léttklassík, í  
beinni útsendingu.

„Björn vann mikið innan útvarps-  
ins og vinnudagar hans voru langir,  
sé ég, og hann sparaði sig aldrei.  
Þegar Strokkvartett útvarpsins var  
stofnaður leiddi Björn hann. Ég hef  
tínt til einar þrjá-  
tíu upptökur frá  
einungis fjórum ár-  
um með þeim  
kvartetti. Þeir voru  
á launum hjá út-  
varpinu við að  
flytja klassíska  
kvartetta og fluttu  
til að mynda alla  
sex ópus 18 eftir  
Beethoven. Ég hef  
aðeins fundið þrjá þeirra á lakk-  
plötum svo ekki var allt hljóðritað  
sem flutt var.“

### Sá hefur æft sig!

Eftir heimsstyrjöldina komu heims-  
kunnir tónlistarmenn til Íslands á  
vegum Tónlistarfélagssins, þar á  
meðal fiðluleikarinn Adolf Busch og  
píanóleikarinn Rudolph Serkin. Hlíf  
segir Busch hafa hrifist af leik  
Björns og svo fór að Björn var í eitt  
ár í Bandaríkjunum á hans vegum.  
Hún segir upptökurnar leiða í ljós  
að þegar Björn snéri aftur hafi hann  
verið á hátindi ferils síns sem tón-  
listarmaður.

„Í fyrsta útvarpsþættinum verða  
leiknar upptökur frá fyrstu fjórum  
árunum eftir að hann koma aftur  
heim, hann leikur ýmis glansnúmer  
fiðluleikara og sá hefur æft sig!  
Björn lifði fyrir fiðluna og var í  
þjónustu tónlistargyðjunnar, en  
hann var aldrei í aðalhlutverki held-  
ur miðill þessarar mannþætandi  
tónlistar. Til að bæta heiminn. Ég  
held að hörmungar seinni heims-  
styrjaldarinnar hafi haft mikil og  
djúpstæð áhrif á hann og auðvitað  
kynntust margir nánir erlendir sam-  
starfsmenn hans hér heima því per-  
sónulega, þeir flúðu nasismann og  
lögðu sitt til málanna hér við upp-  
byggingu íslensks tónlistarlífs,“ segir  
Hlíf. Í öðrum þættinum um Björn  
hyggst hún meðal annars flytja upp-  
töku með leik Victors Urbancic,  
Lanzky Otto og Björns á Hornt-  
róinu í Es-dúr eftir Brahms. „Með-  
al annars verða fluttir tveir kaflar  
úr þessu tríói og flutningurinn er  
svo frábær að hárin rísa á höfðinu!  
Þeir skilja hvað nóturnar þýða og  
plássíð á milli þeirra, en kunna ekki  
bara að spila fallega og að það

## „Opnaði augu og eyru landsmanna“

Öld er í dag frá fæðingu Björns Ólafssonar, fiðluleik-  
ara og konsertmeistara, sem setti ríkulegan svip á  
tónlistarlíf landsmanna um miðja síðustu öld.

Björn hóf fiðlunám sjö ára gamall hjá Þórnari Guð-  
mundssyni og nam hjá honum í fimm ár; þá stundaði  
hann nám við Tónlistarskólann í Reykjavík 1930 til  
1931 og í Vín í Austurríki á árunum 1931 til 1932 hjá  
K. Heller, sem verið hafði kennari hans í Tónlistar-  
skólanum og stundaði ennfremur nám við Tónlistar-  
háskólann þar í borg. Björn nam aftur við Tónlistar-  
skólann í Reykjavík 1932 og lauk burtfararprófi 1934.  
Þá leið leiðin að nýju til Vínar í framhaldsnám sem  
lauk með diplómagráðu fimm árum síðar, 1939. Birni  
bauðst þá starf við Wiener Philharmoniker en seinni  
heimsstyrjöldin kom í veg fyrir að hann gæti þegið  
það boð. Hann stundaði síðar nám og tónlistarstörf í  
Bandaríkjunum, hjá Adolf Busch árin 1947 til 1948.

Björn var konsertmeistari í Hljómsveit Reykjavíkur  
á árunum 1939 til 1950 og í Símfóníuhljómsveit Íslands  
1950 til 1972. Hann var fiðluleikari og kennari við  
Tónlistarskólann í Reykjavík 1939 til 1975 og veitti  
strengjædeild skólans forstöðu í nær þrjá áratugi,  
1946 til 1975. Björn lést árið 1984, 67 ára að aldri.

### Hlúði að nýgræðingnum

Björn Ólafsson konsertmeistari varð lærimeistari  
margra helstu fiðluleikara þjóðarinnar sem uxu úr  
grasi um og eftir miðja síðustu öld. Í skrá frá minning-  
artónleikum um Björn árið 1987 skrifar Gunnar Eg-  
ilsson meðal annars: „Björn opnaði augu og eyru  
landsmanna með leik sínum, tónleikar hans og Árna  
Kristjánssonar voru opinberum, ósérhlífni þeirra og



Fiðluleikarinn, konsertmeistarinn og kennarinn daði  
Björn Ólafsson (1917-1984).

fleiri góðra manna við kennslu og þjálfun ungs fólks  
til tónlistariðkunar voru dæmefá. Flestum þessum  
brautryðjendum, og þá ekki síst Birni, hlotnaðist að  
sjá árangur erfðis síns og draumana rætast. Á ótrú-  
lega skömmum tíma fór þrotlaust starf þeirra að bera  
ávíxt. Þeir hlúðu að nýgræðingnum, fylgdust með  
honum sprotunum vaxa úr moldinni og ná að  
blómstra.“

hljómi vel. Á upptökuskráning-  
arbókum þess tíma sést að Björn og  
félagar hafa bara fengið tvær  
klukkustundir til að hljóðrita heilan  
kvartett, sem þýðir að það var bara  
ein taka. Þetta er eins og að vera á  
tónleikum, sent út beint og áheyr-  
endur eru öll þjóðin. Enda er flutn-  
ingurinn rafmagnaður.“

### Þessi saga okkar er stutt

Hver finnst Hlíf vera arfleifð Björns  
Ólafssonar konsertmeistara?

„Það er kominn tími til að hlusta  
aftur á hann og ekki síst eldri upp-  
tökurnar,“ svarar hún. „Þegar ég  
hlusta til að mynda á kvartettana  
sem félagarnir léku, vildi ég óska að  
ég hefði fengið að hlusta á þetta  
reglulega þegar ég var að alast upp.“

Þetta hefur  
gleymsst. Það er  
veikleiki hjá þjóð-  
inni hvað við er-  
um nýjungagjörn  
og ekki alveg  
dómbær á þá frá-  
bæru listamenn  
sem við höfum  
átt. Björn var  
heimsklassa lista-  
maður, sem kaus

að miðla til þjóðar sinnar og byggja  
hana upp. Hann átti sér þann draum

**„Björn lifði fyrir fiðl-  
una og var í þjón-  
ustu tónlistargyðj-  
unnar, en hann var  
aldrei í aðalhlutverki  
heldur miðill þessarar  
mannþætandi tónlistar.  
Til að bæta heiminn.“**

að við kæmumst í klassískum hljóð-  
færaleik á sama plan, listrænt og  
menningarlega, og í Mið-Evrópu  
þar sem er vaxa þessarar tónlistar.  
Þessi saga okkar er mjög stutt en  
við verðum að fara að vakna og  
halda henni til haga. Það var ekki  
bara Björn, tónlistarmennirnir voru  
fleiri, en hann hafði þessi beinu áhrif  
á mig og átti þátt í að gera mig að  
þeirri manneskju sem ég er og því  
fjalla ég nú um hann,“ segir Hlíf.

### Að þakka fyrir

Hvað varðar verkin eftir Bach, sem  
Hlíf leikur á tónleikum á sunnu-  
daginn, þá segist hún hafa alist upp  
með þeim hjá Birni.

„Ég fór í gegnum allar þessar  
sónötur og partítur hjá honum. Þegar  
ég spila þessa músík þá er ég í  
samtali við Björn. Og þegar ég fyllt-  
ist þörf til að hljóðrita þær og gaf út  
á diskum árið 2008, þá sá ég alveg  
hvaðan sú þörf var komin. Annars  
vegur var það til að þakka honum  
fyrir mig og hins vegar vegna þess  
að ég er viss um að ef hann hefði  
haft tök á hefði hann hljóðritað þessi  
verk líka. Björn spilaði allar þessar  
sónötur og partítur í útvarpið en ég  
hef bara fundið upptöku með E-dúr  
partítunni og mun hún heyrast í ein-  
um útvarpsþættinum,“ segir Hlíf.